

# Fundargerð 377. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2015, mánudaginn 21. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur M Kristjánsson, Ólafur Þór Snorrason og Ásta Björg Pálmadóttir

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir Hafnasambands Íslands 2015 - 1501031HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 376. fundar frá 24. ágúst sl.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar - óskað umsagnar - 1508003HA

Lögð fram umsögn hafnasambandsins um breytingar á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

*Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið til að ræða greinar sem tengjast stjórnvaldssektum í lögum.*

*Umsögnin lögð fram til kynningar og eftir umræðu er ljóst að hafnasambandið þarf að bæta við umsögn sína.*

*Starfsmanni falið að senda fyrirspurn á fiskmarkaði í tengslum við þessar breytingar og koma frekari athugasemdum á framfæri við ráðuneytið í samvinnu við stjórnarmenn.*

### 3. Komur erlendra fiskiskipa sem leita hafna vegna bilunar en hafa ekki löndunarheimild - 1509033HA

Lögð fram tillaga frá hafnasambandsþingi 2014 um málefni erlendra fiskiskipa sem leita hafna vegna bilunar en hafa ekki löndunarheimild.

*Stjórn hafnasambandsins hefur nú þegar komið þessu á framfæri og vísar til bréfs sem hún sendi þann 3. mars 2015 á atvinnuveganefnd Alþingis í tengslum við umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðar breytingum.*

**4. Skráning kaupskipa á Íslandi - 1509034HA**

Lögð fram tillaga frá hafnasambandsþingi 2014 um skráningu kaupskipa á Íslandi sem og skýrslan Alþjóðleg skráning skipa á Íslandi: Raunhæfur möguleiki, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út í lok árs 2014.

*Ákveðið að senda skýrsluna á Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem málið varði útsvarstekjur sveitarfélaga.*

**5. Kynning á starfsemi hafna - 1509035HA**

Lögð fram tillaga frá hafnasambandsþingi 2014 um kynningu á starfsemi hafna.

*Frestað til næsta fundar.*

**6. Viðræður við Umhverfisstofnun varðandi sorpmál. - 1509038HA**

Óskað eftir um fundi með fulltrúa hafnasambandsins.

*Má falið að mæta á fund Umhverfisstofnunar með SFS til að ræða málið.*

**7. Staða virðisaukaskattsmála hjá höfnum - 1509039HA**

Már gerði grein fyrir ósamræmi í virðisaukaskattsmálum hafna.

*Má og Helga Laxdal hjá Faxaflóahöfnum falið að skoða málið.*

**8. Hafnasambandsþing 2016 - 1509037HA**

Rætt um tímasetningu fyrir næsta Hafnasambandsþing sem verður haldið á Ísafirði.

*Samþykkt að halda hafnasambandsþing 13.-14. október 2016. Fræðslunefnd falið að hefja undirbúning.*

**9. Vorfundur 2016 - 1509036HA**

Rætt um staðsetningu næsta vorfundar.

*Samþykkt að vera með næsta vorfund stjórnar á Norðausturlandi.*

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Gísli Gíslason

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Ásta Björg Pálmadóttir

---

Valur Rafn Halldórsson